



Fundargerð

17.fundur Umhverfisnefndar Mýrdalshrepps var haldinn mánudaginn 1.apríl 2019 kl: 20:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík í Mýrdal.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Ritari ritaði fundargerð.

Æsa Guðrúnardóttir formaður, setti fundinn og stjórnaði.

1. Kosning varaformanns og ritara

Fram kom tillaga um að Ástþór Jón Tryggvason yrði ritari nefndarinnar og Bergný Ösp Sigurðardóttir varaformaður.

- Samþykkt samhljóða

2. Erindisbréf nefndarinnar

Nefndin leggur áherslu á að farið verði í vinnu við móturn umhverfisstefnu Mýrdalshrepps, samanber 10.gr erindisbréfs nefndarinnar.

Nefndin gerir ekki athugasemd við erindisbréf.

- Samþykkt samhljóða

3. Vor í Vík

Varamenn nefndarinnar mæta til fundarins til að ræða skipulagningu og framkvæmd hátíðarinnar Vor í Vík.

Ástþór Jón leggur fram hugmyndir um aðkomu ungmannafélagsins að Vor í Vík.

Fram kom hugmynd um að hafa "plokk" á Vor í Vík. Ástþóri falið að útfæra og finna tíma í samvinnu með formanni.

Ástþór Jón er búin að tala við forsvarsmenn Djamm session um aðkomu þeirra að Vor í Vík.

Valgerður kemur með hugmynd að bjóða upp á trjáklippingu, fræðslu og ráðgjöf í syngjandanum og býðst jafnframt til að taka það að sér.

Æsa segir frá því að til stendur að vera með formlega opnun á frisbígolfvelli á laugardeginum.

Bergný veltir upp hugmyndum um útvistarsvæði í syngjandanum og mögulegum árekstrum sem þetta kynni að valda.

Ástþór leggur fram hugmynd um að búa til google docs skjal til að auðvelda skipulag.

Þórir vekur athygli á því að það þurfi að fara í lagfæringerar á plönum við fjöruna. Þórir ætlar að fylgja því eftir og heyra í fjörulöllum.

Æsa kemur með hugmynd að opnu húsi í Leikskálum.

Bergný spyr hvort meigi selja inn á opið hús og nota sem fjárlöfun fyrir Ærslabelg.

Ástþór kemur með hugmynd að íbúakvöldi í Leikskálum að kvöldi til. Bjóða upp á að

nota búnað félgsmiðstöðstövarinnar og gera sér glatt kvöld.

Æsa kemur með hugmyndir að fyrirlesurum og fræðslu.

Æsa kemur með hugmyndir að sameiginlegu verkefni eldri borgara og yngri kynslóðar.

Ástþór kemur með hugmyndir að hvernig meigi vinna skipulag hátíðarinnar.

Bergný talar um umhverfisviku í Leikskólanum og hvernig meigi nýta verkefni úr henni fyrir Vor í Vík.

Bergný og Magnús tala um hvort hægt sé að koma einhverjum verkum í dreifbýlið.

Æsa talar um gestabók upp á Reynisfjalli.

Ástþór kemur með hugmynd að bjóða upp á frítt í sund á sumardaginn fyrsta. Æsa bætir við hvort jafnvel meigi hvetja rekstraraðila í sveitarféluginu til að vera með einhverskonar tilboð.

Bergný og Þórir tala um hvort það meigi gera eitthvað við Hjörleifshöfða. Ástþór stingur upp á því að vera með opna fjölsyldu og fræðslugöngu.

Æsa vill hvetja fólk til að labba og hjóla í vinnuna þessa daga.

- Samþykkt samhljóða

4. Önnur mál

Ástþór leggur til að nefndin sendi frá sér svohljóðandi áskorun til sveitarstjórnar:

"Umhverfisnefnd Mýrdalshrepps skorar á sveitarstjórn að fjölga bekkjum og borðum í sveitarféluginu".

- Samþykkt samhljóða

Fundi slitið: 21:15

Undirritaðir aðal- og varamenn

Æsa Guðrúnardóttir, formaður

Bergný Ösp Sigurðardóttir, varaformaður

Ástþór Jón Tryggvason, ritari

Valgerður Erlingsdóttir

Magnús Örn Sigurjónsson

Þórir Kjartansson

Viðar Jónsson